

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/298
komudagur 19.6.2009

Umhverfisnefnd Alþingis
Hildur Eva Sigurðardóttir
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. júní 2009
2009060011/42-1-3
TB
jgo/tb

Hagsmunir Íslands í loftslagsmálum, tillaga til þingsályktunar

Vísað er til bréfs frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 16. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum, 18. mál. Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að gæta yfstrustu hagsmuna Íslands í samningaviðræðum á vegum Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Sérstaklega skal ríkisstjórnin tryggja að efni og tilgangur ákvörðunar 7. aðildaríkjaþings rannmasamningsins nr. 14/CP. 7 um áhrif einstakra verkefna á útstreymi á skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar („Íslenska ákvæðið“) haldi gildi sínu. Framangreind tillaga var áður flutt á 136. löggjafarþingi. Ekki náðist að afgreiða málið á þinginu og er það því endurflutt að viðbættum nýjum málslið sem segir: *Svigrúm Íslands til frekari nýtingar sjálfbærra orkuauðlinda á grundvelli „Íslenska ákvæðisins“ verði viðurkennt.*

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að hagsmunir Íslands í loftslagsmálum felist í því að vernda náttúrufar og lífsskilyrði á Íslandi þannig að umhverfisáhrif vegna losunar gróðurhúsalofttegunda verði ekki neikvæð frá því sem nú er. Í dag er það almennt viðurkennt af vísindamönnum, alþjóðastofnunum og ríkisstjórnunum að losun gróðurhúsalofttegunda hafi áhrif á hraða loftslagsbreytinga í andrúmsloftinu. Sú þekking sem við búum yfir bendir til þess að afleiðingar loftslagsbreytinga á náttúru jarðarinnar og þ.m.t. á Ísland verði í mörgum tilfellum neikvæðar og ófyrirsjáanlegar. Þó framangreind þingsályktunartillaga segi ekki beinum orðum að fara eigi fram á að auka losunarkvóta Íslands er andi tillögunnar á þann veg. Í greinargerð er m.a. vísað í að sum lönd Evrópusambandsins fái auknar losunarheimildir, Noregur dæli upp olíu og að betra sé að ákveðin starfsemi sé hér á landi en annarsstaðar og að ef ekki fáiast meiri losunarheimildir þá takmarki það möguleika á notkun „hreinna“ orkugjafa sem Ísland býr yfir. Í framangreindri tillögu virðist sett samasem merki milli nauðsyn þess að fá að auka losun á gróðurhúsalofttegundum, betra efnahagslífs og þess að ef aukin losun fáiast ekki þá takmarki það rétt Íslendinga til að nota sjálfbærar orkuauðlindir. Evrópusambandið sem heild gerir ráð fyrir að minnka losun gróðurhúsalofttegunda verulega á næstu áratugum þó einstök lönd geti aukið losun.




Náttúrufræðistofnun Íslands tekur afstöðu til framangreinds máls á grundvelli þeirrar vísindalegu þekkingar sem er til í dag um áhrif loftslagsbreytinga á náttúrufar. Sú þekking bendir eindregið til þess að losun gróðurhúsalofttegunda hraði loftslagsbreytingum og hafi í flestum tilfellum neikvæð áhrif á náttúruna þ.m.t. lífsskilyrði mannsins og eðlisræna þætti hennar svo sem veðurfar og hækkun sjávar. Allt bendir til þess að eina raunverulega mótvægisáðgerðin til að minnka áhrif og hraða loftslagsbreytinga sé að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Áhrifin eru eins og áður segir oft ófyrirsjáanleg og virðast gerast það hratt að ekki er auðvelt að bregðast við hvorki fjárhagslega né með mótvægisáðgerðum s.s. minnkun á losun koltvísýrings og/eða með beinum áðgerðum í náttúrunni s.s. að bjarga dýrategundum eða búsvæðum þeirra eða byggja varnargarða vegna hækkun sjávar. Einnig verða áhrifin oft verst þar sem er mikil fátækt og engir fjármunir fyrir hendi til mótvægisáðgerða. Það síðast talda er í mikilli andstöðu við tilgang sjálfbærrar þróunar.

Í ljósi þess sem að framan greinir leggur Náttúrufræðistofnun til að Ísland móti stefnu sína í lofslagsmálum eftir meginmarkmiðum um sjálfbæra þróun þannig að þjóðin miði við að losun gróðurhúsalofttegunda minnki svo áhrif á náttúruna verði minni og að notkun allra orkugjafa verði eins umhverfisvæn og mögulegt er. Stofnunin telur að alþjóðasamstarf, t.d. á sviði kvótaviðskipta með losunarheimildir, þurfi að vera með þeim hætti að treysta megi því að losun gróðurhúsalofttegunda verði minni á heimsvísu og innan þeirra svæða sem koma sér upp sameiginlegu viðskiptakerfi með losunarheimildir. Náttúrufræðistofnun telur að nota eigi íslenskar orkuauðlindir með sjálfbærum hætti bæði með tilliti til almennra áhrifa á náttúruna og áhrifa á losun gróðurhúsalofttegunda. Náttúrufræðistofnun Íslands getur ekki tekið undir framangreinda þingsályktunartillögu eins og hún er sett fram í heild sinni.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

